

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 145/2015****2016/EES/69/16****frá 11. júní 2015****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/391 frá 9. mars 2015 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til þroskunar og heilbrigðis barna ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/403 frá 11. mars 2015 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 að því er varðar tegundir af ættkvísl vöndla (*Ephedra*) og jóhimbu (*Pausinystalia yohimbe* (K. Schum) Pierre ex Beille) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/414 frá 12. mars 2015 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB að því er varðar (6S)-5-metyl-tetrahydrófolínsýru, glúkósamínsalt sem er notað við framleiðslu fæðubótarefna ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzi (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB):
„– **32015 R 0414**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/414 frá 12. mars 2015 (Stjtið. ESB L 68, 13.3.2015, bls. 26).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzu (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006):
„– **32015 R 0403**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/403 frá 11. mars 2015 (Stjtið. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 4).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 94. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1229/2014):
„95. **32015 R 0391**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/391 frá 9. mars 2015 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til þroskunar og heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 65, 10.3.2015, bls. 15).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 65, 10.3.2015, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 68, 13.3.2015, bls. 26.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2015/391, (ESB) 2015/403 og (ESB) 2015/414, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.